

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarféluginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag fyrir Reykjadal.

Skipulagssvæðið nær frá Hengladalsá meðfram gönguleiðinni í Rjúpnabrekkum að bílastæði sem staðsett er við Klambragil. Skipulagssvæðið er um 310 ha. Deiliskipulagið gerir grein fyrir stígum, áningastöðum, reiðleiðum og hverfisvernd innan deiliskipulagssvæðisins. Tillagan gerir grein fyrir hvernig hægt er að bæta núverandi stíg og baðaðstöðu. Byggja þarf upp bakkana og gönguleið á milli baðstaða og einnig að koma upp snyrtingu sem fellur vel að landslaginu. Upplýsingaskilti sýnir gönguleiðir, áfangastaði og hestagerði. Einnig sýnir tillagan hvar hægt er að taka efni til lagfæringa og úrbóta á stígakerfi svæðisins og hvaða gönguleiðir verða opnar og hverjar lokaðar. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. ágúst 2013.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 11. febrúar 2014.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2014